



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2024

2402025SA HMP  
Málalykill: 00.64

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002- umsögn**

Þann 5. febrúar sl. var birt í samráðsgátt stjórnvalda frumvarp til breytinga á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Í samráðsgátt kemur fram að tilgangurinn með frumvarpinu sé m.a. að ná fram þeim markmiðum sem að var stefnt með lögum nr. 103/2021 og tóku að fullu gildi þann 1. janúar sl. Tilgangur þeirra laga er að skapa sem fyrst skilyrði fyrir myndun hringrásarahagkerfis. Áformaskjal um fyrirhugaðar breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 var birt í samráðsgátt 4. september sl. Samband íslenskra sveitarfélaga (sambandið) skilaði inn umsögn um áformaskjalið, dags. 18. september sl. Af lestri frumvarpsdraga þeirra sem nú liggja fyrir má vera ljóst að lítið sem ekkert tillit var tekið til athugasemda þeirra sem þar voru settar fram af hálfu sambandsins. Sambandið telur það miður og vísar hér með í þá umsögn í heild sinni en vill undirstrika eftirfarandi sjónarmið:

### **I. Bráðabirgðaákvæði um meginsöluumbúðir í andstöðu við markmið um myndun hringrásarahagkerfis**

Eins og fram kemur í umsögn sambandsins við áformaskjal, dags. 18. september sl. telur sambandið að bráðabirgðaákvæði um að ákvörðun meginsöluumbúða skuli miðuð við líklegustu tegund umbúða gefa innflytjendum og tollamiðlurum færi á að greiða ekki úrvinnslugjald í samræmi við magn og þyngd umbúða. Í raun sé með þessu verið að gefa ákveðinn slaka. Í frumvarpsdrögum segir að þetta eigi að girða fyrir að þessir aðilar greiði ekki úrvinnslugjald og það eigi að einfalda málin. Sambandið telur skorta rökstuðning fyrir því að þessi leið skuli farin og vill benda á að sambærilegar tilslakanir eru ekki þekktar í okkar nágrannaríkjum.

### **II. Heildarendurskoðun á framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs nauðsynleg**

Að mati sambandsins er þörf á heildarendurskoðun þegar kemur að framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs (ÚVS), þá sérstaklega m.t.t. skýrslu Ríkisendurskoðunar, dags. 29. ágúst 2022, skýrslu starfshóps um endurmat á kerfi framlengdrar framleiðendaábyrgðar, dags. 30. nóvember 2022 og niðurstöðu vinnustofu um framtíð framlengdrar framleiðendaábyrgðar, sem haldin var 11. janúar 2023 og veiðarfærasamnings ÚVS og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, dags. 28. október 2021, þar sem undanþága frá greiðslum úrvinnslugjalds af veiðarfærum var virkjuð á nýjan leik í ótímabundnum samningi. Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til þessarar vinnu í frumvarpi því sem nú liggur fyrir. Sambandið telur mikilvægt að horft sé á kerfið í heild og tekið tillit til hvata

sem nauðsynlegir eru til að ná fram þeim markmiðum sem stefnt er að í meðhöndlun úrgangs og innleiðingu hringrásarhagkerfis. Er það mat sambandsins að frumvarpið í óbreyttri mynd sé ekki til þess fallið að svara ákalli, sem nú er uppi og hefur verið uppi um nokkurt skeið, um heildarendurskoðun á framlengda framleiðandaábyrgð og starfsemi ÚVS.

Sambandið telur til að mynda að nýta ætti tækifærið og setja inn ákvæði í lögum um skyldur þjónustuaðila til að skila ÚVS gögnum sem stjórn sjóðsins ákvað að þyrftu að liggja til grundavallar greiðslum til sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun. Vísað er til sambærilegs ákvæðis og er í 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem kveðið er á um að rekstraraðilar skili skýrslu til Umhverfisstofnunar á því formi sem stofnunin ákveður.

Þá telur sambandið að tilefni sé til að skoða breytingar svo sem tækifæri til aukins samstarfs ÚVS og Umhverfisstofnunar hvað varðar gagnaskil og yfirsýn um magn og tegund úrgangs yfir landið allt og ná fram auknu hagræði t.d. með því að stofnanirnar myndu vinna sameiginlegan gangagrunn fyrir magn og tegund úrgangs en ekki sitthvorn eins og er í dag.

Í lögum um úrvinnslugjald er vísað í tollaflokka í viðauka við skilgreiningu á hugtakinu veiðarfæraúrgangur. Sambandið hefur ekki lagt í vinnu við að greina hvort tollaflokkarnir sem taldir eru upp í frumvarpsdrögunum muni breyta skilgreiningu á hugtakinu veiðarfæraúrgangur sem inniheldur plast og þá hvort frumvarpið muni hafa áhrif á áður nefndan veiðarfærasamning en bendir á að skoða þurfi frumvarpsdrögin í því ljósi.

### III. Niðurlag

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig tilbúið til samtals og samráðs um efni frumvarpsins sem um ræðir. Verulega brýnt er að taka lagaumhverfi úrvinnslugjalda til heildarendurskoðunar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Helga María Pálsdóttir  
sviðsstjóri